



Honorary Board Members

President Ólafur Ragnar Grímsson

HSB Prince Albert II

Artur Chilingarov

Kuupik Kleist

Senator Lisa Murkowski

Dr. Sultan Ahmed Al Jaber

Advisory Board Members

Gudmundur Alfredsson

Terry Audla

Christian Bjelland IV

Scott Borgerson

Alexander Borodin

Jared Carney

Patricia A.L. Cochran

Dalee Dorough

J. Cynan Ellis-Evans

James Gray

Heidar Mar Gudjonsson

Thorsteinn Gunnarsson

Lassi Heininen

David Hik

Paul Holthus

Edward Itta

Jacek Jania

Timo Koivuvrova

Lars Kullerud

Karin Lochte

Scott Miner

Anders Oskal

Willy Østreng

Frederik Paulsen

Joseph Ralston

Carter Roberts

Alice Rogoff

Hugh Short

Laurence C. Smith

Catherine Stevens

Felix Tschudi

Amy L. Wiita

Jan-Gunnar Winther

Huigen Yang

10. september 2015

Gunnar Einarsson

Bæjarstjóri

Með þessu bréfi viljum við bjóða þér og bæjarfulltrúum Garðabæjar að sækja alþjóðþing Hringborðs Norðurslóða - Arctic Circle sem verður haldið í þriðja sinn í Hörpu, Reykjavík, dagana 16 - 18. október og taka þátt í umræðum á hinum fjölmörgu málstofum þingsins um málefni Norðurslóða. Boðið tekur einnig til þeirra starfsmanna sem sinna viðkomandi málaflokkum. Eins og dagskrá þingsins ber með sér verður fjallað um málefni er snerta framtíð og viðfangsefni íslenskra sveitarstjórna á margvíslegan hátt.

Hringborð Norðurslóða er einstakur alþjóðlegur vettvangur þar sem saman koma pólitískir leiðtogar, stjórnendur fyrirtækja, sérfræðingar í umhverfismálum, fulltrúar frumbyggja, leiðtogar, frumkvöðlar, vísindamenn og fleiri aðilar víðsvegar að úr heiminum.

Um 1.500 þátttakendur, frá rúmlega 40 löndum, sóttu þing Hringborðs Norðurslóða, sem haldið var í fyrra. Síðan þá hefur áhugi á alþjóðlegu samstarfi hringborðsins aukist jafnt og þétt. Fjöldi ríkisstjórna, fyrirtækja, háskóla, samtaka, félaga og hugmyndaveitna hafa nú undirbúið þátttöku á komandi þingi.

Skrifstofa Hringborðs Norðurslóða undirbýr aðalmálstofur þingsins en stofnunum og samstarfsaðilum er frjálst að skipuleggja hliðarmálstofur undir sínu nafni.

Inn á heimasíðu Hringborðs Norðurslóða, www.arcticcircle.org má sjá dagskrá þingsins í október ásamt myndum og myndböndum frá fyrri þingum. Á heimasíðunni má einnig finna upplýsingar um markmið, uppbyggingu og starfsemi Hringborðs Norðurslóða en megin tilgangur þess er að skapa opinn og lýðræðislegan vettvang fyrir umræður og samstarf um málefni Norðurslóða.

Hafir þú hug á að þiggja þetta boð óskum við eftir því að þú staðfestir komu þín með því að senda tölvupóst á netfangið sigrun@arcticcircle.org í síðasta lagi þann 30. september næstkomandi.

Með þakklæti fyrir áhuga þinn á málefnum Norðurslóða.

Virðingafyllst,

Dagfinnur Sveinbjörnsson
CEO

Sigríður Huld Blöndal
Director